

Rangárþing eystra
Austurvegur 4
860 Hvolsvöllur

Garðabær, 31. október 2024
Málsnúmer: 202409-0039
BK

Efni: Steinar 1 – Breyting á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf frá Rangárþingi eystra sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 18. september 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir Steina 1. Tilfni skipulagsbreytingar eru áform um uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæðis sunnan Suðurlandsvegar, austan Holtsóss, á Steinum 1 undir Eyjafjöllum. Skipulagssvæðið er 107,6 ha að stærð.

Steinar Resort ehf., framkvæmdaaðili og landeigandi Steina I og Hvassafells II undir Eyjafjöllum í Rangaárþingi eystra, hyggst byggja 200 herbergja hótél við þjóðveginn, nýtt baðlón, 120 herbergja hótél við baðlón og 200 gistiskála á deiliskipulagssvæðinu. Þá er gert ráð fyrir um 48 starfsmannaíbúðum. Einnig verður sett upp fjölorkustöð með verslunar- og þjónusturými við þjóðveginn.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir á fyrri stigum málsins, um [skipulagslýsingu](#), dags. 10. maí 2023, [vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingu](#), dags. 20. desember 2023 og nú síðast þann 25. mars 2024 vegna [matskýldufyrirspurnar](#).

Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum og Náttúrufræðistofnun telur því ekki tímabært að veita frekari umsagnir um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á svæðinu fyrr en umhverfismatsskýrsla liggur fyrir.

Náttúrufræðistofnun vill þó ítreka að umfang og dreifing fyrirhugaðrar uppbyggingar er að mati stofnunarinnar úr hófi fram og mun fela í sér mikið risk á vistgerðum með hátt verndargildi sem og búsvæðum fugla. Aukin umferð um svæðið gæti einnig valdið truflunum, m.a. fyrir fuglalíf Holtsóss sem er mikilvægur dvalarstaður álfta og gæsa og er undir hverfisvernd. Votlendi innan svæðisins er líklega vanmetið í vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar en þrátt fyrir umfangsmikla framræslu má sjá á loftmyndum að land er víða enn blautt á skipulagssvæðinu.

Út frá vistgerðum má reikna með mjög háum þéttleika vaðfugla á svæðinu en þeir teljast flestir til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands vegna þess hversu hátt hlutfall af Evrópustofnum þeirra nýta Ísland til varps. Á Suðurlandi hefur víða verið þrengt að búsvæðum vaðfugla og benda talningar í landshlutanum til þess að fækkun sé að eiga sér stað hjá nokkrum tegundum og gætu umsvif mannsins átt þar hlut að máli.¹ Auk beins búsvæðataps undir ýmis mannvirki má reikna með að fyrirhugaðar framkvæmdir muni einnig hafa umtalsverð neikvæð áhrif á varpþéttleika vaðfugla á nærliggjandi svæðum.^{2,3}

¹ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

² Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

³ Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. & Gunnarsson, T. G. 2024. Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. Animal Conservation. <https://doi.org/10.1111/acv.12938>

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis og þar ber hæst samningur Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity), Bernarsamningurinn um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu, og AEWA-samningurinn um farfugla.

Með aðild sinni hefur Ísland skuldbundið sig að tryggja verndun tegunda og er mikilvægt að sveitarfélög hugi að þessum skuldbindingum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

